

FORMLEGT GÆÐAKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samantekt úr greinagerð

um reglulegt mat

Verkfræði- og náttúruvísindasvið febrúar 2026

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úr reglulegu mati Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eins og þeim er lýst í greinagerð um reglulegt mat sem gefin var út í febrúar 2026. Reglulegt mat er hluti af innra gæðamati Háskóla Íslands og er gert í samræmi við skilgreint verklag í gæðakerfi HÍ. Matið byggir á símati deilda og þverfræðilegrar námsbrautar, fyrra gæðamati, lykiltölum um starfsemina, kennslu-könnunum og gögnum um mannauð og rannsóknir.

Skýrsluhöfundar:

Íris Hrönn Guðjónsdóttir, innviðastjóri og stefnufulltrúi
Sigurður Magnús Garðarsson, sviðsforseti

Þátttakendur:

Deildarforsetar og varadeildarforsetar deilda sviðsins
Umsjónarkona þverfræðilegrar námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræði

Samantektin er birt á vefsíðu Háskólans í þeim tilgangi að upplýsa hagaðila um hvernig gæði náms, kennslu og rannsókna eru tryggð innan fræðasviðsins.

Inngangur

Við matið var lögð áhersla á að greina góða starfshætti, finna tækifæri til umbóta, greina nauðsynlegar úrbætur og tryggja markvissa eftirfylgni niðurstaðna. Í greinagerðinni er því lýst hvernig gæði hafa verið tryggð og þróuð á fræðasviðinu og greint frá ígrundun um hvort þörf sé á breyttu verklagi.

Innra gæðastarf

Sviðið hefur unnið markvisst að því að skrá verklagsferla og byggja upp virkt gæðakerfi sem fangar vinnulag stoðþjónustu og stuðning við deildir og námsbrautir. Reglubundið mat byggir á símati 2025, fyrra formlegu gæðamati deilda, námsbrautar og rannsókna, auk samantekinna gagna um nemendur, starfsfólk, kennslu og birtingar. Í greinagerðinni kemur jafnframt fram að eftirfylgni við fyrri aðgerðir þurfi að vera markvissari og að aðgerðir verði að vera skýrar og vel skilgreindar.

Helstu niðurstöður

Verkfræði- og náttúruvísindasvið leitast við að þróa gæði náms, kennslu og rannsókna á kerfisbundinn hátt með gæðahringinn að leiðarljósi. Sviðið sameinar fjölbreyttar greinar, allt frá undirstöðuvísindum til hagnýtra tæknigreina, og nýtur sterkrar stöðu í rannsóknastarfi, nýsköpun og tengslum við atvinnulíf og samfélag.

Skýr styrkleiki sviðsins er straumlínulagað skipulag með miðlægri stoðþjónustu, virkt gæðakerfi og áhersla á skilvirkni, gagnsæi og öryggi. Á sama tíma kemur fram að niðurskurður og fækkun akademíks starfsfólks undanfarin ár hafa aukið álag, og að áfram sé þörf á að styrkja rannsóknainnvíði, samræma verklag og fylgja betur eftir námsmati og hæfniviðmiðum.

Sérstök áhersla er lögð á að bæta samræmi í öryggis- og leyfismálum á sviðinu, meðal annars vegna umfangs tilraunastofa, vettvangsvinnu og rannsóknabúnaðar. Greinargerðin dregur þannig upp mynd af sviði sem er faglega sterkt og skipulagslega þróað, en þarf áfram að hlúa að sjálfbærri mönnun, öryggi og rannsóknastoð.

Góðir starfshættir

Eftirfarandi starfsvenjur sem varpað var ljósi á í matinu er vert að nýta hjá fleiri starfseiningum innan fræðasviðsins og miðla bestu starfsvenjum:

- » Straumlínulagað skipulag og rekstur með miðlægri stoðþjónustu og matrix-skipuriti.
- » Stjórnunarhættir sem taka mið af lean-aðferðafræði og stuðla að skilvirkni og gagnsæi.
- » Virkt gæðakerfi þar sem verklag er skráð í verklagsreglur og tryggir samfellu og stöðlun.
- » Öryggismál í forgrunni, sem er sérstaklega mikilvægt þar sem mikið er um tilraunastofur og vettvangsvinnu.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta innan fræðasviðsins komu í ljós við matið og er vert að nýta eða kanna betur:

- » Bregðast við auknu álagi sem hefur skapast vegna fækkunar akademíks starfsfólks, annaðhvort með minni umfangi verkefna eða auknu svigrúmi til ráðninga.
- » Halda áfram að styrkja rannsóknainnvíði, meðal annars með áframhaldandi skráningu búnaðar í Calira og frekari uppbyggingu tæknifólks.
- » Setja upp verklag í þeim deildum sem fara ekki reglulega yfir hæfniviðmið námsleiða.
- » Fylgja betur eftir verklagi um rýni niðurstæðna úr kennslukönnunum þar sem það vantar.

Atriði sem þarfnast úrbóta

Eftirfarandi eru þær úrbætur sem mikilvægast er að ráðast í á fræðasviðinu:

- » Festa enn frekar í sessi áhættumat fyrir rannsóknarými og rannsóknabúnað og skrá verklag um búnað sem krefst sérþjálfunar eða getur skapað öryggisáhættu.
- » Samræma umgjörð um rannsóknainnvíði þvert á sviðið og deildir, óháð stofnunum, svo tryggt sé samræmi í öryggismálum, verklagi og gæðaferlum.
- » Skrá og formgera verklag um leyfisskylda starfsemi fyrir sviðið í heild.

Aðgerðir og áætlun um innra gæðamat

Í aðgerðaáætlun 2026–2029 er gert ráð fyrir frekari útfærslu aðgerða fræðasvísins á vettvangi stjórnarfunda og í tengslum við símat og reglulegt mat starfseininga. Áhersla verður lögð á að nýta handbók um formlegt gæðakerfi HÍ til að tryggja rekjanleika, samræmda skráningu og markvissa eftirfylgni.

Eftirfylgni og ábyrgð

Sviðsforseti, í samráði við stjórnendur deilda, þverfræðilegrar námsbrautar og stoðeininga, ber ábyrgð á eftirfylgni með aðgerðum og þróun innra gæðamats á næstu árum.